



**Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps
Fundargerð**

**Fundur nr. 286 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps haldinn mánudaginn 14. desember 2020 kl. 17:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.
Fundinn sátu ásamt undirrituðu nefndarfólki, George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.**

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir því að eftirfarandi mál verði tekin utan auglýstrar dagskrár:

Smiðjuvegi 9 – Umsókn um byggingarleyfi

Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir f.h. Undanfari ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir breyting á innra skipulagi - nýtt vinnslu-og verslunarrými við Smiðjuvegi 9, í samræmi við framlögð gögn. Málið er lagt til kynningar.

Verður liður 8 í fundargerð.

Frábrigðið samþykkt samhljóða.

Dagskrá fundarins:

I. Skipulagsmál:

1. Garðakot (201756) - Deiliskipulagstillaga

Lögð er fram tillaga um deiliskipulag vegna Garðakot. Deiliskipulagi nær yfir 11,5 ha svæði og gert er ráð fyrir byggingu á tveimur frístundahúsum.

Skipulagsnefnd samþykkir að senda deiliskipulagstillögu til auglýsingar í samræmi við 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og óskar eftir umsögnum Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Ísland, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

2. Menningartengdrar gönguleiðir í Vík

Lögð er fram tillaga um gönguleiðir í Vík.

Samþykkt samhljóða.

3. Sunnubraut 33 – Umsókn um byggingarleyfi

Páll Tómason f.h. Bergrúnar ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir parhús við Sunnubraut 33, í samræmi við framlögð gögn.

Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa framkvæmd grenndarkynningar.

Óðinn Gíslason víkur af fundi.

4. Hátún 5-11 – Umsókn um byggingarleyfi

Óðinn Gíslason f.h. Afl Smíði og Múr ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir stöðuvegg á lóðamörkum, í samræmi við framlögð gögn.

Samþykkt samhljóða.

Óðinn Gíslason kemur aftur inn á fundinn.

5. Víkurbraut 13 – Umsókn um byggingarleyfi

Anna Kristín Hjartardóttir f.h. Rarik ohf. sækir um byggingarleyfi til að reisa undirstöðumannvirki undir eldsneytisgeymi og steypur undirstöður undir kælieiningu auk búnaðar á undirstöðum við Víkurbraut 13, í samræmi við framlögð gögn.

Í grein 4.2. í aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 segir: *Samkvæmt skipulagsreglugerð skal á íbúasvæðum fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem er eðlilegt að þar sé til þjónusta viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.* – Breyting var gerð á suðvestur hluta þéttbýlisins [sem var áður iðnaðarsvæði]. Hluti þess er skilgreindur sem blönduð byggð íðbúðabyggðar, athafnasvæðis og verslun og þjónustu. Gert er ráð fyrir að um 2/3 þess verði að íbúabyggð. Með þessari stefnu er verið að skerpa á yfirbragði og notkun þéttbýlisins, með því að stuðla að íbúabyggð í nágrenni opinna svæða til sérstakra nota, skóla og íþróttar. Það deiliskipulag sem er í vinnslu og er unnið eftir, gerir ekki ráð fyrir neinum framkvæmdum eða mannvirkjum sem falla undir lög nr 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt viðauka 1 nr 3.20 Geymsla jarðefnaeldsneytis utan verndarsvæða, þá fellur þessi framkvæmd undir þann hatt.

Í þessu liggur að iðnaður er víkjandi. Ekki er leyfð uppbygging og viðbót við iðnað á þessu svæði. Bent er á nýjar iðnaðarlóðir sem eru að opnast austast í þorpinu. Einnig er verndarsvæði í byggð þarna við hliðina á og þar er lögð áhersla á að halda yfirbragði gamla þorpsins og styðja við íbúabyggð.

Nefndin fagnar því að taka eigi skref til að auka afhendingaröryggi rafmagns á svæðinu, en bendir á að staðsetningin, Víkurbraut 13, sé ekki í samræmi við skipulag.

Nefndin leggur til að RARIK verði boðið til fundar með forsvarsmönnum skipulagsnefndar og sveitarstjórnar varðandi staðsetningu framtíðarhúsnæðis og nauðsynlegra olútanka.

6. Reynir – Umsókn um leyfi til niðurrifs

Ólafur Steinar Björnsson sækir um leyfi til niðurrifs hlöðu mhl.080 við Reynir, í samræmi við framlögð gögn.

Skipulagsnefnd samþykkir umsóknina og felur skipulagsfulltrúa að ljúka málinu.

7. Umsókn frá Björgunarsveitinni Víkverja skógræktarreit, vegna Skjótum rótum átaks björgunarsveita.

Skipulagsnefnd fagnar því að átakið, Skjótum rótum, sé að fara að planta í heimabyggð, en áskilur sér rétt til að skoða betur gögn og aðstæður áður en úthlutun fer fram.

8. Smiðjuvegi 9 – Umsókn um byggingarleyfi

Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir f.h. Undanfara ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir breytingu á innra skipulagi - nýtt vinnslu-og verslunarrými við Smiðjuvegi 9, í samræmi við framlögð gögn. Málið er lagt til kynningar.

Fundi slitið klukkan 18:37

Drífa Bjarnadóttir

Guðrún Hildur Kolbeins

Óðinn Gíslason

Kristján Þórðarson

George Frumuselu

Jónas Erlendsson